

Aðalfundur hestamannafélagsins Borgfirðings haldinn í Borgarnesi 14. nóvember 2024

Um 40 manns sátu fundinn.

Eyþór Gíslason formaður setti fundinn og lagði til starfsmenn fundarins. Fundarstjóri Ingi Tryggvason, fundarritarar Kristín Kristjánsdóttir og Rósa Björk Jónsdóttir. Samþykkt

Ekki gerð athugasemd um boðun fundarins en uppástunga um póstlista.

Eyþór las skýrslu stjórnar. Sagði frá starfi félagsins síðasta ár. Mikið um mótahald, skemmtanir og ýmis konar fræðsla. Félagið átti flotta fulltrúa á landsmóti í Víðidal og Hestam. Borgf. kom að Unglingalandsmót UMFÍ. Félagar stóðu að hreinsunarstarfi fyrir mótið.

Fjórðungsmót verður haldið í Borgarnesi sumarið 2025 í samvinnu við önnur félög á Vesturlandi. Styrkur frá Borgarbyggð, Iðunn Svansdóttir og Randí Holaker í framkvæmdanefnd fyrir Hmf Borgf.

Uppskeruhátið félagsins verður haldin 21. nóvember. Þar verða veittar viðurkenningar eftir nýkum reglum íþróttamanns Borgf.

Árþing LH var haldið í Borgarnesi í umsjón Borgfirðings. Það tókst mjög vel.

Reiðhallarball síðasta vetrar dag tókst vel. Hagnaður var tæpar 2 milljónir

Send umsókn til Borgarbyggðar vegna viðbyggingar/anddyri við Reiðhöllina, samþykkt þar að koma að verkefninu. Viðbyggingin mun einnig nýtast sem neyðarútgangur af 2. hæð.

Skýrslu stjórnar má sjá á heimasíðu félagsins

Reikningar lagðir fram. Gjaldkeri fór yfir þá. Rekstrarafgangur félagsins var 680.135 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi 30.09.2024 eru eignir félagsins 88.492.874 kr. skuldir 1.116.728 kr. og eigið fé 87.376.146 kr. Sjá má ársreikninginn á heimasíðu félagsins. [Arsreikningur-2024-Hestamannafelagid-Borgfirdingur.pdf](#)

Skýrslur nefnda.

Reiðveganefnd, Sveinbjörn Eyjólfsson las skýrslu nefndarinnar. [SKYRSLA-REIDVEGANEFNDAR-FYRIR-ARID-2024-2.pdf](#)

Fræðslunefnd, Katrín Einarsdóttir las skýrslu nefndarinnar [Skýrsla-fraedslunefndar-2024.pdf](#)

Skýrsla æskulýðsnefndar [Skýrsla-aeskulydsnefndar-2024-2.pdf](#)

Umræður um skýrslur nefnda – skýrslurnar má sjá á heimasíðu félagsins.

Helgi Helgason tók til máls, talaði um útistandandi skuldir og þá helst ógreidd félagsgjöld sem eru um 1.100.000.- strika út þá sem ekki borga félagsgjöldin. Nefndi einnig ógreidd beitargjöld og hækkaðan reikning frá Veitum. Hvað veldur? Mikið um ógreidd beitar- og námskeiðsgjöld.

Skilaboð til laganefndar að yfirfara lögina, má laga þar ýmislegt t.d að hafa 8 manns í stjórn. Óþarflega margir og ekki oddatala.

Kristján Gíslason tók til máls og þakkaði stjórninni gott starf. Starfið hafi verið öflugt með mótum og námskeiðum og mikið líf í félaginu. Vill þakka samstarfið fyrir hönd Vesturlandsdeildar sem metið er til mikils og stefnt á að vera með í vetur á ný. Alendis mun streyma mótum sem er vel. Tók undir með Helga að gera gangskör í árgjöldum og athuga hvað veldur hækkun reiknings frá Veitum í Reiðhöllinni. Miklar framkvæmdir hjá félaginu en samt hagnaður – vel gert. Fagnar því að reiðhöllin standi vel og að Borgarbyggð hefur styrkt og mun styrkja félagið áfram.

Ámundi nefnir að búið sé að bjóða að setja upp ljósastaura á reiðleið í Einkunnir.

Guðrún Fjeldsted tók til máls. Þakkaði stjórninni fyrir vel unnin störf. Vill að félagið yti á vegagerðina að setja undirgöng við Brennistaði – verið að vinna við veginn þar núna. Mikil hestaumferð á þessum kafla en bílumferð orðin gríðarmikil.

Marteinn tók til máls. Talaði um tekjur félagsins og skiptingu þeirra. Tekjur og gjöld reiðhallarinnar, mótahald og námskeið. Leggur áherslu á að reiðvegafé verði klárað svo það tapist ekki. Of há gjöld en lítil innkoma.

Halldór Ingi tók til máls. Útskýrði háan reikning Veitna. Ekki var skrófað fyrir heita vatnið í vor, 40 gr heitt vatn rann í gegn um höllina í allt sumar en þurfti ekki. Leggur til að fráfarandi nefndir skili af sér og segji frá því sem þarf að gera.

Eyþór svaraði nokkrum spurningum.

Ógreidd félagsgjöld: mikið um að börn séu skráð í félagið, verða svo 18 ára og þá þurfa þau að borga en gera það ekki. Þarf að skrá þau úr félaginu.

Búið að greiða upp lán uppá 4 milljónir sem tekið var til að greiða vsk skuld af reiðhöllinni.

Verið er að skoða uppsetningu ljósastaura frá hesthúsakverfi að Einkunnum. Er verið að opna útboð í það verk í samstarfi við Borgarbyggð.

Rétt að þurfi að skoða gjaldskrá reiðhallar. Mögulega megi lækka hana m.v. gjaldskrár annara félaga.

Keypt inn nýtt aðgangskerfi sem mögulega er ekki að virka eins og skildi. Lagt til að verði skoðað í nýrri stjórn.

Heiða Dís með athugasemd vegna gjaldskrár reiðhallarinnar. Erfitt fyrir aðila sem ekki búa nálægt henni að nýta hana og ef það er of dýrt þá eru meiri líkur á að þau kaupi ekki aðgang.

Stjórn hefur ekki rætt um undirgöng við Brennistaði. Reiðveganefnd hefur rætt við Vegagerðina almennt nokkrum sinnum og nefnt undirgöngin fyrir frekar daufum eyrum en ekki rætt þessi undirgöng sérstaklega.

Reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða

Kaffihlé

Formaður minntist látinna félaga, fundargestir risu úr sætum

Úrsagnir úr félaginu eru 11 og 23 nýjir félagar. Formaður les upp nýja féлага og fundur klappar fyrir þeim.

Gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs.

Umræður: Nefnt að vanti inn hlut félagsins í áætluðum framkvæmdum við reiðhöll og klæðningu á félagsheimili til dæmis. Einnig bent á að fjórðungsmót kemur ekki inn sem útgjöld eða tekjur. Áréttað að þetta sé áætlun og því eðlilegt að hlutir geti bæst við.

Marteinn bendir á sölu auglýsinga í reiðhöll að gerðir hafi verið langtímasamningar sl. vetur um sölu auglýsinga.

Félagsmenn þurfa að gefa heimild til að taka þátt í verkefnum eins og við reiðhöll. Sérstaklega ef taka þarf lán.

Eyþór nefnir að búið sé að ræða málin í stjórn reiðhallar.

Tillaga að fundurinn veiti stjórn heimild til að fjármagna viðbyggingu við reiðhöll, lánveiting eða annað.

Kosningar í stjórn og nefndir.

Stjórn,

Tillaga uppstillingarnefndar:

Eyþór Gíslason formaður

Steinunn Árnadóttir, Halldór Sigurkarlsson og Ólafur Axel Björnsson til eins árs

Friðrika Ásmundsdóttir og Gunnar Halldórsson gefa kost á sér áfram til tveggja ára. Uppstillingarnefnd stingur upp á Guðbjörgu Halldórsdóttur og Hrafnhildi Guðmundsdóttur.

Á fundinum er einnig stungið uppá Helgu Rósu Pálsdóttur og Ísólfi Ólafssyni. Sex aðilar eru þá í framboði um fjögur sæti og kosið á fundinum. Kosið er um 4 aðila í stjórn til tveggja ára.

Kosning fór þannig:

Friðrika Ásmundsdóttir 37 atkvæði

Gunnar Halldórsson 36 atkvæði

Ísólfur Ólafsson 35 atkvæði

Hrafnhildur Guðmundsdóttir 26 atkvæði

Helga Rósa Pálsdóttir 14 atkvæði

Guðbjörg Halldórsdóttir 10 atkvæði

Beitarnefnd:

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um nefndir.

Beitarnefnd

Tillaga um að beitarnefnd sé óbreytt. Ólafur Þorgeirsson formaður, Sævar Þórisson og Sigurður Örn Sigurðsson. Á fundinum kom uppástunga um Halldór Sigurðsson í nefndina. Tillaga stjórnar borin upp fyrir fundinn. Meirihluti með en 3 á móti. Tillagan samþykkt

Reiðveganefnd: Sveinbjörn Eyjólfsson formaður, Davíð Sigurðsson, Reynir Magnússon, Kolbeinn Magnússon og Halldór Sigurðsson. Fundur samþykkir.

Æskulýðsnefnd: Helga Rósa Pálsdóttir form. Baldur Pétursson, Hafdís Brynja Guðmundsdóttir.

Guðbjörg Halldórsdóttir bauð sig einnig fram en fundur samþykkti tillögu stjórnar.

Skemmtinefnd. Þorsteinn Hjaltason, Baldur Pétursson. Guðbjörg Halldórsdóttir bauð sig einnig fram. Fundur samþykkir tillögu stjórnar.

Laganefnd. Rósa Björk Jónsdóttir form. Sigurður Oddur Ragnarsson, Gíslína Jensdóttir. Samþykkt af fundi.

Fræðslunefnd. Gunnar Halldórsson form. Eygló Hulda Óskarsdóttir, Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Katrín Einarsdóttir og Denise Weber. Samþykkt af fundi.

Mótanefnd. Eyþór J. Gíslason form, Gunnar Halldórsson, Elísabeth Ýr Egilsdóttir, Katrín Einarsdóttir, Iðunn Svansdóttir, Ásdís Eva Halldórsdóttir og Arnar Ásbjörnsson. Samþykkt af fundi.

Umhverfis- og vallarnefnd. Reynir Magnússon form. Steinunn Árnadóttir, Valdimar Reynisson, Ísólfur Ólafsson. Samþykkt af fundi.

Húsnefnd. Ingibjörg Marteinsdóttir form. Halldóra Harðardóttir, Auður Ásta Þorsteinsdóttir. Samþykkt af fundi.

Uppstillingarnefnd. Helgi Helgason. Þóra Árnadóttir býður sig ekki fram aftur. Vísað til nýrrar stjórnar að leggja fram tillögu að nýrri uppstillingarnefnd og skipa í hana.

Reiðhallarnefnd. Halldór Sigurkarlsson form. Halldór Ingi Jónsson, Þórður Sigurðsson, Jómundur Rúnar Ingibjartsson, Sævar Hafsteinsson. Samþykkt af fundi.

Skoðunarmenn reikninga. Jón Haraldsson og Helgi Helgason. Varaskoðunarmenn Rósa Björk Jónsdóttir og Kristján Gíslason. Samþykkt af fundi.

Félagsgjöld og hagagjöld

Tillaga stjórnar er að hækka félagsgjöld í 12.000.- samþykkt

Tillaga um óbreytt beitargjald.

Marteinn bað um orðið. Gjaldið nær ekki að dekkja kostnað við girðingu. Leggur fram nýja tillögu um hagagjöld 25% hækkun. Tillagan er felld.

Tillaga stjórnar um óbreytt hagagjald samþykkt.

Ýmsar umræður um hagagjöld og styrk frá Borgarbyggð.

Önnur mál:

Tillaga lögð fram um viðbyggingu við Faxaborg, hún er svohljóðandi:

Stjórn Reiðhallarinnar Vindási ehf hefur lagt fyrir eigendur félagsins að byggja anddyri við reiðhöllina samkvæmt tillögu og áætlun Ómars Péturssonar.

Áætlunin hljóðar upp á 10.770.000.- Aðalfundurinn 14.11.2024 samþykkir að félagið taki þátt í verkinu samkvæmt sínum eignarhluta í félaginu Reiðhöllin Vindás ehf. Stjórn er veitt heimild til að vinna að málinu á þessum grundvelli. Tillagan var samþykkt án mótakvæða.

Guðrún Fjeldsted nefnir að ekki var gott að hesteigendafélagið í Borgarnesi var lagt niður sem myndi gæta hagsmuna hrossaigenda í Borgarnesi m.a. varðandi hesthús og beitarmál. Þau mál vörðuðu ekki félagsmenn í dreifbýlinu og því þyrfti ekki að ræða þau á aðalfundi Borgfirðings þar sem allir félagsmenn hefðu heimild til fundarsetu.

Heiða Dís taldi vanta betra og meira utanumhald við yngri knapa. Þessu hefur farið mikið aftur frá því sem áður var. Þarf að fylgja betur eftir keppendum á mótum og þess háttar. Kallaði eftir meiri aðkomu stjórnar og formanns í æskulýðsstarf.

Umræður: Fólk alltaf tilbúið að gagnrýna en vantar stuðning, foreldrar þurfa líka að vera duglegir að styðja börnin. Hefur sýnt sig að þeir sem sinna börnunum vel þeim gengur vel.

Umræða um förgun á skít. Hver er kostnaður við förgun búfjáraburðar hjá félaginu?

Bent á að það sé til reglugerð hjá sveitafélaginu um þessi mál.

Hvernig er árangur starfs æskulýðsnefndar mælt? Er það fjöldi á námskeiði, þátttaka á mótum eða eitthvað annað.

Hvatning til félagsmanna að laga til í hverfinu fyrir fjórðungsmót. Laga til á kerruplaninu. Væri etv. Hægt að fá fyrirtæki til að bjóða félagsmönnum afslátt af málningu til hvatningar.

Tillaga að félagsmenn fái ódýrara á viðburði félagsins – felld

Tillaga 2 og 3 að félagar fái ódýrari aðgang í reiðhöllina og afsláttur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.

Umræður um aðgang og gjald að höllinni. Mikilvægt að fara í vinnu við að endurskoða gjaldskrá hallarinnar. Tillögum 2 og 3 vísað til nýrrar stjórnar til umfjöllunar.

Fundi slitið kl 22.35